



Economic Policy Reforms **Going for Growth 2009**

Summary in Icelandic

Endurbætur í efnahagsstefnu **Stefnt að vexti 2009**

Útdráttur á íslensku

- Með kreppustjórnun er nú verkaskrá stjórnvalda sýndur áhugi þar sem stefnumótendur leita leiða við að koma hagkerfum til bjargar. Á sama tíma er áfram nauðsynlegt að hefjast handa við grunnbætur sem munu styrkja hagvöxt til lengri tíma litið. Slíkar umbætur geta sannarlega líka örvað eftirspurn í stuttan tíma sem skiptir sérstaklega miklu máli í samhengi við núverandi kreppu.
- Í *Stefnt að vexti 2009* eru undirstrikaðar hinar mest viðeigandi grunnbætur til að leitast við að bæta frammistöðuna, kannaðar nýlegar framfarir í að koma á grunnstefnuumbótum og borin kennsl á fimm forgangsatríði í stefnumótun fyrir hvert OECD-ríki sem gæti híft upp hagvöxtinn til langs tíma litið. Skýrslan kallar á umbætur á mörgum sviðum með það fyrir augum að styrkja vinnuframléiðni og atvinnu, þar á meðal umbætur á menntakerfum, reglugerðum um framleiðslumarkað, stefnumótun í landbúnaði, skatta- og bótakerfum, stefnumótun í heilbrigðisþjónustu og á vinnumarkaði. Að auki eru í þessu tölublaði fjórir greinandi kaflar þar sem fjallað er um skattlagningu og hagvöxt, endurbætur á reglugerðum um framleiðslumarkað, innri fjárfestingu og áhrif mannfjöldagerðar á atvinnu og framleiðni.

Stefnt að vexti á tímum fjárhagskreppu

Í þessari fimmtu útgáfu af Stefnt að vexti er lögð fram ný stefna að grunnforgangsmálum í stefnumótun fyrir sérhvert OECD-ríki og Evrópusambandið í heild sinni til að auka verga landsframleiðslu miðað við höfðatölu – sem er algeng mæling á lífskjörum – á sjálfbærum grunni. Forgangsstefnumálin sem eru tilgreind til að auka vinnuframleiðni og atvinnu, helstu mótandi þættir í vergri landsframleiðslu, eru breytileg eftir ríkjum og fara eftir þeirra sérstöku veikleikum í afköstum. Hinar ráðlögðu umbætur á sviðum eins og á framleiðslumörkuðum, í menntamálum, landbúnaði, sköttum, reglugerðum um bætur og atvinnu myndu hjálpa ríkjum að auka atvinnutækifæri og efnahagshagssæld borgaranna til langs tíma.

Ólíkt fyrri útgáfum kemur þetta tölublað af Stefnt að vexti út á tímum þegar OECD-ríki standa frammi fyrir alvarlegustu fjármála- og efnahagskreppu daganna. Heimskreppan og efnahagslæggðin eru enn að gerast og hafa óhjákvæmilega vakið upp spurningar um að hve miklu leyti hægt er að treysta mörkuðum til að skila góðri útkomu og hvort fyrri umbætur hafa stuðlað að því að hagkerfi yrðu berskjaldaðri. Yfirstandandi kreppa á fjármálamörkuðum hefur flett ofan af miklum vandamálum í starfsemi slíkra markaða og sýnt fram á misbrest í eldri reglugerðar- og eftirlitsbyggingu við að tryggja stöðugleika markaðarins. Hún sýnir hið eyðileggjandi afl sérstakrar þróunar og ófullkomleika á fjármálamörkuðum sem hafa aukið siðferðilega hættu og upplýsingaágalla. Menn eru byrjaðir að gangast við þessum göllum, og ríki eru byrjuð að vinna ein sér eða saman að því að skilgreina bestu leiðirnar til að bæta reglugerðir um fjármálamarkaði til að takast á við ófullkomleika hins sérstaka markaðar og reglugerða sem höfðu kreppuna í för með sér.

Hvað sem því líður er mikilvægt að leggja áherslu á að upplausnin á fjármálamörkuðunum vekji ekki spurningar um gagnsemi af ráðlögðum umbótum á framleiðslu- og vinnumarkaði í skýrslunni. Margar umbætur í OECD-ríkjum hafa á umliðnum árum augljóslega sýnt mátt sinn til að auka atvinnu og framleiðni, og það að bregðast við þeim kröfum um umbætur sem eru kynntar í skýrslunni myndi bersýnilega styrkja efnahagsframmistöðu til langs tíma. Að auki eru sveigjanlegri framleiðslu- og vinnumarkaðir líklegir til að efla þanþol ríkja til að takast á við niðursveiflur framtíðarinnar með minni truflun á afköstum og atvinnu.

Kreppan dregur engu að síður dilk á eftir sér varðandi val á því hvaða grunnstefnu á að fylgja á næstu árum. Á þeim tíma sem heildar- eftirspurn er langt undir framleiðslugetu er við hæfi að einblína á grunnbætur sem eru líklegastar til að auka heildareftirspurn til skamms tíma sem og heildarframboð til langs tíma. Reyndar var gerð fjárhagspakkanna sem voru nýlega kynntir eða útfærðir í nokkrum

OECD-ríkjum líka mótuð með tilliti til langtímaáhrifa þakkanna á vöxt.

Í þessari skýrslu eru greindar þrennar yfirgripsmiklar fjárhagslegar/grunnbætur sem gætu leitt af sér „tvöfaldan arð“ að sinni: aukin útgjöld í grunngerð; aukin útgjöld til virkrar stefnumótunar á vinnumarkaði, þar á meðal til skyldunáms í hjálfun; og samdrátt í tekjusköttum einstaklinga, nánar tiltekið hjá þeim sem hafa litlar tekjur. Að auki kunna framleiðslumarkaðsumbætur sem slaka á aðgangshindrunum og styrkja samkeppni að örva eftirspurn í sumum tilfellum til skamms tíma og auka framleiðni til langs tíma.

Sérkaflinn í skýrslunni um langtímaáhrifin af grunngerðinni á verga landsframleiðslu miðað við höfðatölu kemur á réttum tíma þegar hafður er í huga fókusinn af mörgum nýlegum fjárhagspökkum á grunngerðarútgjöld til að örva hagkerfið. Í honum er sýnt að fjárfesting í grunngerð kann að hafa jákvæð hliðaráhrif í öllu hagkerfinu. Til að ná mestu vaxtaráhrifunum út úr grunngerðarfjárfestingunni er samt sem áður nauðsynlegt að velja af vandvirkni verkefni á grunni kostnaðar- og ábatagreiningar og hafa til staðar reglugerðargrunn sem tryggir samkeppni þar sem hún er möguleg og kemur í veg fyrir misnotkun markaðsstyrks þar sem samkeppni er ekki möguleg.

Annar sérkaflinn um skatta og vöxt endar á röðun eftir mismunandi sköttum með tilliti til áhrifa þeirra á langtímavöxt. Tekjuskattar fyrirtækja eru skaðlegastir og á eftir þeim koma tekjuskattar vegna vinnu og síðan óbeinir skattar, og eignaskattar eru minnst skaðlegir. Ríki sem um þessar mundir reiða sig óhóflega á skatta sem eru lagðir á tekjur af fyrirtækjum og vinnu gætu þess vegna aukið verga landsframleiðslu miðað við höfðatölu með því að færa skattgrunn sinn til vara og þjónustu ekki síður en eigna. Þessi aðferðafræði lofar góðu til meðallangs og langs tíma, en e.t.v. þarf að láta stuðningsaðgerðir fylgja til að sporna gegn veikingu endurúthlutunar í gegnum skattkerfið.

Hvað sem því líður er það minna augljóst að hægt sé að nýta þessa röðun „skatta og vaxtar“ að því er varðar eftirspurn til skamms tíma í yfirstandandi kreppu. Ekki er líklegt að lækkun skattprósentsunnar á tekjur fyrirtækja hafi mikil áhrif á eftirspurn eftir fjárfestingum þar sem hagnaður fyrirtækja hrynur, og það að auka eignaskatta myndi veikja fasteignamarkað sem þegar stendur illa.

Þriðji sérkaflinn undirstrikar að flestum OECD-ríkjum hefur áfram orðið umtalsvert ágengt við að draga úr eftirlitshömlum á samkeppni á framleiðslumörkuðum síðustu fimm árin. Þessi velkomna þróun veit á gott fyrir nýsköpun og framleiðni til langs tíma og kann að reynast hjálpleg við að takast á við yfirstandandi kreppu. Þrátt fyrir þessar framfarir þrengja reglugerðir enn óhóflega að samkeppni á sumum sviðum og sumum OECD-ríkjum, nánar tiltekið þeim með litlar tekjur, sem viðhalda hamlandi eftirlitsafstöðu á framleiðslumörkuðum þeirra. Umbótareglugerðir eru forgangsmál nokkurra ríkja til að auka framleiðni þeirra til langs tíma með nokkrum hagstæðum áhrifum á eftirspurn til skamms tíma.

Síðasti sérkaflinn sýnir að talsvert hátt hlutfall á mismun eftir ríkjum í samanlögðu atvinnuhlutfalli og meðaltalsframleiðnistigum, og þannig verg landsframleiðsla miðað við höfðatölu, er ástæðan fyrir mismuninum í mannfjöldagerðinni, einkum meðfram mælikvarða á menntunarárangri. Hann sýnir að mismunur milli heildarupphæðar þjóðar og meðaltals geti afvegaleitt og hann undirstrikar aftur mikilvægi menntunar. Hvað sem öðru líður hefur mismunurinn í mannfjöldagerð, sem eftir hefur verið tekið, ekki áhrif á svið ríkjanna sem varða hlutfallslega styrk og veikleika, mannfjöldagerð sem mótar undirstöðuna fyrir val á forgangsatríðum í stefnumótun í Stefnt að vexti.

Í þessari skýrslu er kynntur grundvallarþáttur í snjöllu viðbragði OECD við fjárhags- og efnahagslegri kreppu með fókusnum á umbætur til að styrkja langtímavöxt. Henni lýkur með því að efnahagskreppunni sem blasir við OECD-ríkjum ætti ekki að leyfast að hægja á grunnumbótum og að tækifæri til umbóta ætti að nýta til að styrkja efnahagskraft og lífsgæði. Undir engum kringumstæðum ætti að endurtaka mistök frá fyrri kreppum. Tilraunir til að vinna á atvinnuleysi með því að draga úr vinnuskilum myndi sérstaklega reynast eins skaðlegt og áður fyrr og skilja við samfélögin fátækari, og það að halda mörkuðum opnum og forðast nýja verndarstefnu er lykillinn að því að styrkja horfurnar um allan heim.

© OECD 2009

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

